

15. gr.

Dómara ber að tilkynna ákæranda, verjanda sakbornings og réttargæslumanni brotþola um það með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær skýrslutaka af brotþola á rannsóknarstigi fer fram svo að þeir geti verið viðstaddir hana.

Sakborningur á rétt á að vera viðstaddur skýrslutöku ásamt verjanda sínum nema dómari telji að nærvera hans geti orðið brotþola sérstaklega til íþyngingar eða haft áhrif á framburð hans. Skal dómari þá sjá til þess, ef þess er kostur, að sakborningur geti fylgst með skýrslutökunni um leið og hún fer fram, sbr. 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 10. gr.

16. gr.

Dómara ber að sjá til þess, ef þess er kostur, að skýrsla brotþola á rannsóknarstigi verði tekin upp á myndband til afnota á síðari stigum málsmeðferðar.

17. gr.

Að lokinni skýrslutöku sendir dómari lögreglu endurrit úr þinghaldinu auk eintaks af myndbandi með skýrslu brotþola, sbr. 16. gr.

V. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 7. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, sbr. lög nr. 36 19. mars 1999, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. maí 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Benedikt Bogason.

REGLUGERÐ**um búnaðarmál.**

1. gr.

Jarðabætur.

Samkvæmt ákvæðum 6. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og í samræmi við ákvæði 11. gr. samnings um verkefni samkvæmt búnaðarlögum frá 5. mars 1999 skulu Bændasamtök Íslands veita framlög til eftirtalinnna jarðabóta á einstökum jörðum:

Verkefnafl. 1. Endurræktun vegna aðlögunar að lífrænum búskap.

Endurræktunin skal gerð skv. ákvæðum reglugerðar um lífræna landbúnaðarframleiðslu nr. 219/1995. Vottorð frá vottunarstofu um að svo hafi verið gert skal fylgja úttektarvottorði. Þá skal koma fram stærð hins endurræktaða lands í ha eða m².

Verkefnafl. 2. Umhverfis- og gæðaverkefni í garðyrkju.

Úttekt getur þá fyrst farið fram þegar tækin hafa verið sett upp og þau reynd. Öllum úttektarvottorðum skal fylgja staðfesting (ljósrit af reikningi) á kaupverði tækis án uppsetningar. Viðmiðunarverð tækja og búnaðar reiknast án virðisaukaskatts.

Verkefnafl. 3. Þróunarverkefni í kornrækt.

Úttektarmaður skal fullvissa sig um að sáð hafi verið yrki sem líklegt sé að nái þroska hér á landi, og að sáð hafi verið í akurinn fyrir 20. maí. Þá skal hann einnig fullvissa sig um að sáð hafi verið korni til þroska í 2,0 ha eða meira.

Verkefnafl. 4. Beitarstjórnun og landnýting.

Úttekt getur þá fyrst farið fram þegar landnýtingaráætlunin hefur verið unnin. Í áætluninni skal koma fram stærð þess lands sem áætlunin nær til, skipting þess í gæðaflokka og hvernig áformað er að nýta það.

Verkefnafl. 5. Bætt aðgengi almennings að landinu.

Úttektarmaður skal, með samanburði við lýsingu og/eða teikningar sem fylgdu umsókn, fullvissa sig um að verkið sé unnið í samræmi við það sem lýst var í umsókn og fyrirheit um framlag fékkst til.

Verkefnafl. 6. Verkefni tengd búfjárhaldi.

Úttektarmaður skal, með samanburði við lýsingu og/eða teikningar sem fylgdu umsókn, fullvissa sig um að verkið sé unnið í samræmi við það sem lýst var í umsókn og fyrirheit um framlag fékkst til.

Verkefnafl. 7. Viðhald framræslu á ræktuðu landi.

Úttektarmaður skal fullvissa sig um að framkvæmdin sé í samræmi við það sem fram kemur í umsókn um mat ráðunautar á þörf fyrir hreinsun. Mæla skal lengd hreinsaðra skurða. Sé ekki hreinsað úr öllum skurðinum skal aðeins mæla þann eða þá hluta hans sem hreinsaðir hafa verið.

Úttektir á framkvæmdum, staðfestar af viðkomandi búnaðarsambandi/leiðbeiningamiðstöð, skulu berast Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember ár hvert og skulu framlög greidd fyrir árslok. Framkvæmdum skal lokið áður en úttekt er staðfest. Sé verki ekki lokið áður en skilafrestur úttekta rennur út, skal framlag ekki greitt vegna þess hluta sem ólokið er. Sé óskað eftir framlagi til þess hluta sem ekki er tekinn út, skal um það sótt að nýju vegna næsta árs. Hafi framkvæmdum verið frestað milli ára fellur fyrirheit um framlag úr gildi og verður að sækja um á ný.

2. gr.

Umsóknir um framlög til jarðabóta skulu vera skriflegar og hafa borist Bændasamtökum Íslands fyrir 15. nóvember árið áður en ráðist er í viðkomandi verkefni. Umsókn skal fylgja mat leiðbeiningamiðstöðvar/héraðsráðunautar á þörf býlisins fyrir viðkomandi framkvæmd og staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun. Sé um byggingar að ræða skulu fylgja teikningar.

Afgreiðslu umsókna skal lokið fyrir 1. febrúar ár hvert og tilkynna Bændasamtök Íslands umsækjendum niðurstöður. Umsóknir sem synjað er gilda ekki á næsta úthlutunartímabili og skulu því endurnýjaðar óski umsækjendur eftir framlagi á næsta tímabili.

3. gr.

Um skipan fagráða.

Bændasamtök Íslands og viðkomandi búgreinasambönd skipa fagrád í þeim búgreinum sem eftirtalin búgreinasambönd ná yfir: Félag eggjaframleiðenda, Félag hrossabænda, Félag kjúklingabænda, Landssamband kartöflubænda, Landssamband kúabænda, Landssamtök sauðfjárbænda, Landssamtök skógareigenda, Samband garðyrkjubænda, Samband íslenskra loðdýrabænda, Svínaréktarfélag Íslands og Æðarréktarfélag Íslands. Þá skipa Bændasamtök Íslands fagrád á einstökum fagsviðum eftir því sem samtökin telja ástæðu til.

Skipa skal fagráð til þriggja ára í senn og er starfstímabil þess hið sama og kjörtímabil stjórnar Bændasamtaka Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 19. gr. búnaðarlaga, nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. maí 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

3. maí 1999

Nr. 323

GJALDSKRÁ

Landmælinga Íslands.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldtökuheimild.

Landmælingar Íslands gefa út kort og framleiða landfræðilegar upplýsingar. Fyrir sölu, birtingu og útgáfu efnis og sérhæfða þjónustu sem veitt er samkvæmt gjaldskrá þessari skal stofnunin innheimta gjöld af viðskiptamönnum sínum, þ.m.t. ríkisstofnunum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í gjaldskrá þessari er sem hér segir:

Efni frá Landmælingum Íslands: Allar upplýsingar, þ.m.t. öll gögn og annað efni frá Landmælingum Íslands, sem nýtur höfundarréttar.

Gjald: Greiðsla fyrir efni frá Landmælingum Íslands eða gjald fyrir sérhæfða þjónustu.

Leyfisþegi: Sá sem fær takmarkað, óframseljanlegt leyfi til notkunar á efni frá Landmælingum Íslands.

Nákvæm endurgerð efnis: Efni sem óbreytt byggist á efni frá Landmælingum Íslands og er framleitt í lit eða í svart hvítu, og er í sama eða svipuðum mælikvarða eða stærð og hið upprunalega efni.

Notkunarleyfi: Takmarkaður afnotaréttur sem Landmælingar Íslands veita til notkunar á efni frá stofnuninni.

Smákort: Einföld kort með takmörkuðum upplýsingum um staðfræði, sem birt eru í stærðinni A4 eða minni, og notuð eru til skýringar með texta, t.d. í dagblöðum, bókum eða tímaritum.

3. gr.

Höfundaréttur.

Ríkið er eigandi að öllum réttindum sem Landmælingar Íslands hafa öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda- og afnotaréttar á öllu því efni sem hún hefur eignast, unnið eða gefið út í sambandi við mælingar, kort eða myndir af Íslandi. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.